Hagtíðindi
Statistical Series

Utanríkisverslun

2013:1 • 31. maí 2013

# Vöruviðskipti við útlönd 2012

*Samantekt*

**Árið 2012 voru fluttar út vörur fyrir 633,0 milljarða króna fob en inn fyrir 555,7 milljarða króna fob, 597,3 milljarða króna cif. Afgangur var því á vöruskiptum við útlönd, reiknað á fob verðmæti út- og innflutnings, sem nam 77,3 milljörðum króna en 97,1 milljarða króna afgangur var árið 2011. Verðmæti vöruútflutnings jókst um 2,1% frá fyrra ári á gengi hvors árs og vöruinnflutningur jókst um 6,3%. Iðnaðarvörur voru 52,3% alls vöruútflutnings og minnkaði verðmæti þeirra um 1,3% á gengi hvors árs. Sjávarafurðir voru 42,4% alls vöruútflutnings, fimmta árið í röð með minni hlutdeild en iðnaðarvörur. Verðmæti þeirra jókst um 6,8% frá fyrra ári á gengi hvors árs. Stærstu vöruflokkar vöruinnflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 29,2% hlutdeild og fjárfestingarvörur með 21% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning í innflutningi flutningatækja og eldsneytis. Mest viðskipti voru við Evrópska efnahagssvæðið, EES, 78,3% af vöruútflutningi og 61,4% af vöruinnflutningi. Til Evrópusambandsins, ESB, fór 73,2% vöruútflutnings og 44,8% vöruinnflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í vöruútflutningi, 30% af heild og Noregur í vöruinnflutningi, 16,6% af heild.**

## Vöruskiptajöfnuður

*Vöruútflutningur 633,0 milljarðar fob og vöruinnflutningur 597,3 milljarðar cif*

Á árinu 2012 nam verðmæti útflutningsins í heild 633,0 milljörðum króna fob, heildarinnflutningur cif nam tæpum 597,3 milljörðum, varð því vöruútflutningur umfram vöruinnflutning (fob-cif) á árinu 2012 jákvæður um 35,8 milljarða. Afgangur verið hefur á vöruskiptunum (fob-cif) síðan árið 2009. Árið 2012 var 5,7% afgangur af útflutningsverðmæti en 9,4% árið 2011.

**Tafla 1. Vöruskipti (fob-cif) 2003–2012**

| | Í millj. kr. á verðlagi hvers árs | | | Vöruskipti |
|---|---|---|---|---|
| | Útfluttar vörur fob | Innfluttar vörur cif | Vöruskipti (fob-cif) | (fob-cif), % af vöruútflutningi |
| 2003 | 182.580 | 216.525 | -33.945 | -18,6 |
| 2004 | 202.373 | 260.431 | -58.058 | -28,7 |
| 2005 | 194.355 | 313.855 | -119.500 | -61,5 |
| 2006 | 242.740 | 432.106 | -189.366 | -78,0 |
| 2007 | 305.096 | 429.469 | -124.373 | -40,8 |
| 2008 | 466.860 | 514.739 | -47.879 | -10,3 |
| 2009 | 500.855 | 446.128 | 54.726 | 10,9 |
| 2010 | 561.032 | 477.222 | 83.810 | 14,9 |
| 2011 | 620.127 | 561.626 | 58.501 | 9,4 |
| 2012 | 633.029 | 597.262 | 35.767 | 5,7 |

Hagstofa Íslands

*Vöruskiptajöfnuður hagstæður*

Í greiðslujöfnuði og þjóðhagsreikningum er miðað við vöruskiptajöfnuð, reiknaðan út frá fob-verði bæði vöruinnflutnings og vöruútflutnings. Innflutningur fob nam 555,7 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2012 (fob-fob) því hagstæður um 77,3 milljarða en var hagstæður um 97,1 milljarð 2011. Vöruskiptajöfnuður (fob-fob) við útlönd á verðlagi hvers árs hefur verið hagstæður síðan árið 2009. Hallinn (fob-fob) var mestur árið 2006, 13,6% af vergri landsframleiðslu.

**Tafla 2. Vöruskipti (fob-fob) 2003–2012**

| | Á verðlagi hvers árs | | Á föstu verðlagi ársins 2012[1] | | Vöruskiptajöfnuður | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í millj. kr. | Útfluttar vörur fob | Innfluttar vörur fob | Útfluttar vörur fob | Innfluttar vörur fob | Á verðlagi hvers árs | Á föstu verðlagi ársins 2012[1] | Hlutfall af VLF, % |
| 2003 | 182.580 | 199.512 | 280.145 | 210.095 | -16.932 | 70.050 | -2,0 |
| 2004 | 202.373 | 240.160 | 284.305 | 218.453 | -37.787 | 65.852 | -4,1 |
| 2005 | 194.355 | 288.895 | 273.341 | 209.911 | -94.540 | 63.430 | -9,2 |
| 2006 | 242.740 | 401.201 | 346.448 | 246.293 | -158.461 | 100.154 | -13,6 |
| 2007 | 305.096 | 397.241 | 356.030 | 257.687 | -92.145 | 98.343 | -7,0 |
| 2008 | 466.860 | 473.525 | 488.827 | 375.328 | -6.665 | 113.499 | -0,4 |
| 2009 | 500.855 | 410.575 | 512.181 | 447.329 | 90.280 | 64.852 | 6,0 |
| 2010 | 561.032 | 440.820 | 585.859 | 471.723 | 120.212 | 114.137 | 7,8 |
| 2011 | 620.127 | 522.985 | 639.357 | 530.357 | 97.142 | 109.000 | 6,0 |
| 2012 | 633.029 | 555.695 | 633.029 | 555.695 | 77.334 | 77.334 | 4,5 |

[1] Miðað við breytingar á magnvísitölum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitölum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) sem hlutfall af vöruútflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) sem hlutfall af VLF 2000–2012**



**Mynd 2. Vöruskipti (fob-fob) 1985–2012**




Mynd 3 sýnir hlutfall vöruútflutnings og vöruinnflutnings af vergri landsframleiðslu yfir 50 ára tímabil. Hlutdeild vöruútflutnings og vöruinnflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu. Hlutdeild vöruinnflutnings var hærri en hlutdeild vöruútflutnings frá árinu 2003 til ársins 2009. Hlutdeild vöruútflutnings var komin niður fyrir fimmtung árið 2005 en hefur hækkað stöðugt og frá árinu 2009 var meira flutt út af vöru en inn til landsins. Því hærri hlutdeild sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu, því opnara er hagkerfið talið. Hagkerfið hefur verið að opnast síðustu ár þegar litið er á vöruviðskiptin. Miklar gengisbreytingar geta hins vegar skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Vöruútflutningur fob og vöruinnflutningur fob sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1960–2012**



## Verð- og magnbreytingar 2011–2012

*Vöruútflutningur dróst saman en aukning varð á vöruinnflutningi á föstu gengi*

Verðmæti vöruútflutnings dróst saman um 0,3% frá árinu 2011 til 2012 og verðmæti vöruinnflutnings fob jókst um 3,8% þegar tekið hefur verið tillit til 2,3% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli áranna 2011 og 2012. Verðmæti sjávarafurða jókst um 5,0%, reiknað á sama gengi bæði árin, en verðmæti iðnaðarvara dróst saman um 3,6%. Í vöruinnflutningi varð aukning í flestum liðum. Í vöruútflutningi varð mest aukning í krónum talið í útflutningi sjávarafurða en í vöruinnflutningi á flutningatækjum. Einnig varð aukning í útflutningi á landbúnaðarvörum og innflutningi á eldsneyti.

**Tafla 3. Verðmæti vöruútflutnings fob og vöruinnflutnings fob á gengi hvors árs og breytingar á föstu gengi 2011 og 2012**

| | 2011 | 2012 | Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi,[1] % |
|---|---|---|---|
| **Útflutningur alls, fob** | **620.127,4** | **633.029,1** | **-0,3** |
| Sjávarafurðir | 251.572,9 | 268.631,7 | 5,0 |
| Landbúnaðarvörur | 9.910,5 | 12.326,9 | 21,5 |
| Iðnaðarvörur | 335.479,2 | 331.145,0 | -3,6 |
| Aðrar vörur | 23.164,8 | 20.925,5 | -11,7 |
| **Innflutningur alls, fob** | **522.985,3** | **555.695,4** | **3,8** |
| Matvörur og drykkjarvörur | 47.949,8 | 50.226,3 | 2,3 |
| Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.s. | 165.225,2 | 158.406,7 | -6,3 |
| Eldsneyti og smurolíur | 76.233,2 | 84.345,4 | 8,1 |
| Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki) | 114.279,5 | 117.662,7 | 0,6 |
| Flutningatæki | 45.149,8 | 72.697,7 | 57,3 |
| Neysluvörur ót.a.s. | 68.536,5 | 70.876,7 | 1,0 |
| Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur) | 5.611,2 | 1.480,0 | -74,2 |
| **Vöruskiptajöfnuður** | **97.142,1** | **77.333,7** | . |

[1] Miðað er við meðalgengi á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 2,3% hærra mánuðina janúar–desember 2012 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð á vöru lækkaði en innflutningsverð hækkaði, Vöruviðskiptakjör við útlönd versnuðu*

Tölur fyrra árs eru umreiknaðar til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Verð- og magnbreytingar eru reiknaðar með verðvísitölum samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Niðurstöðurnar eru að útflutningsverð á vörum í krónum lækkaði um 1,3% en innflutningsverð á vörum hækkaði um 4,2% árið 2012 miðað við árið á undan. Vöruviðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 5,3% frá árinu 2011 til ársins 2012.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 2,4% hærra árið 2012 en árið áður og útflutningsverð vara lækkaði á sama tíma um 1,3%. Að raungildi jókst því vöruútflutningur um 3,8% frá 2011 til 2012. Verðmæti „almenns“ vöruinnflutnings fob jókst um 3,7% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð vara hækkaði um 4,2% og því dróst vöruinnflutningur saman að raungildi um 0,5%.

**Tafla 4. Verð- og magnvísitölur vöruútflutnings og vöruinnflutnings og vísitala vöruviðskiptakjara 2003–2012**

| Vísitala 2000=100 | Almennur vöruútflutningur[1] | | Almennur vöruinnflutningur[2] | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Verðvísitala | Magnvísitala | Verðvísitala | Magnvísitala | Viðskiptakjör |
| 2003 | 108,3 | 115,1 | 111,4 | 99,0 | 97,2 |
| 2004 | 109,9 | 125,7 | 115,6 | 113,0 | 95,1 |
| 2005 | 105,5 | 119,9 | 111,3 | 140,1 | 94,7 |
| 2006 | 132,7 | 116,8 | 131,1 | 154,4 | 101,2 |
| 2007 | 136,0 | 128,7 | 134,7 | 153,7 | 101,0 |
| 2008 | 185,8 | 160,6 | 196,0 | 131,8 | 94,8 |
| 2009 | 196,6 | 166,3 | 233,2 | 95,6 | 84,3 |
| 2010 | 224,1 | 169,5 | 242,5 | 101,2 | 92,4 |
| 2011 | 244,6 | 171,6 | 269,7 | 105,8 | 90,7 |
| 2012 | 241,3 | 178,1 | 281,1 | 105,2 | 85,9 |

[1] Allur útflutningur að frátöldum „öðrum vörum“ (í vöruflokkun Hagstofu Íslands).
[2] Allur innflutningur að frátöldum skipum, flugvélum og vörum ót.a.s. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings).

**Mynd 4. Magnvísitölur vöruútflutnings, vöruinnflutnings og VLF 1990–2012**




## Vöruútflutningur og vöruinnflutningur eftir helstu vöruflokkum

*Vöruútflutningur jókst á árinu 2012*

Heildarvöruútflutningur 2012 á gengi hvors árs jókst um 2,1% frá árinu 2011 (12,9 milljarða króna). Iðnaðarvörur voru 52,3% alls vöruútflutnings, var 54,1% árið 2011. Þetta er fimmta árið í röð sem hlutdeild iðnaðarvara er hærra en sjávarafurða. Árið 2012 hækkaði hlutdeild sjávarafurða úr 40,6% árið 2011 í 42,4%. Verðmæti iðnaðarvara dróst saman um 1,3% (4,3 milljarða á gengi hvors árs). Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál og álafurðir en útflutningur þess varð 225,3 milljarðar (35,6% af heild), dróst saman um 3,3% (7,7 milljarða á gengi hvors árs). Útflutningur á kísiljárni, 21,7 milljarðar ásamt lyfjavörum, 15,3 milljarðar, komu næst áli og álafurðum í útflutningi iðnaðarvara. Sjávarafurðir voru fluttar út fyrir 268,6 milljarða, jukust um 6,8% frá fyrra ári (17,1 milljarður á gengi hvors árs). Á árinu 2012 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 22,4%. Útflutningur á þorski var 13,1% alls vöruútflutnings eða 83 milljarðar en þær tegundir sem komu næst voru loðna (29,7 milljarðar króna), síld (25,6 milljarðar króna), makríll (19,6 milljarðar króna) og karfi (19,3 milljarðar króna). Útflutningur sjávarafurða jókst aðallega vegna aukins útflutnings á uppsjávarfiski, sérstaklega loðnu.

**Mynd 5. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) 1840–2012**




*Fjöldi tollafgreiddra innflutningsskýrslna hefur dregist saman*

Mánaðarlegur fjöldi tollafgreiðslna fyrir innflutning dróst verulega saman í kjölfar efnahagskreppu og bankahruns. Meðaltalsafgreiðslur fyrir vöruinnflutning fyrstu þrjá ársfjórðungana 2008 voru rúmar 111 þúsund og það var ekki fyrr en í mars og nóvember 2011 sem það meðaltal náðist. Fæstar voru afgreiðslurnar í desember 2008 og janúar 2009, rúmar 62 þúsund færslur en flestar í október 2012, um 115 þúsund færslur. Október og nóvember 2012 voru einu mánuðirnir á árinu 2012 þar sem meðaltalið var 111 þúsund afgreiðslur eða fleiri.

**Mynd 6. Fjöldi tollafgreiðslna 2008–2012**




*Vöruinnflutningur jókst á árinu 2012*

Heildarinnflutningur cif á gengi hvors árs jókst um 6,3% eða um 35,6 milljarða. Stærstar voru hrá- og rekstrarvörur, 29,2% af heildarvöruinnflutningi (174,3 milljarðar), var 32,1% árið 2011. Hlutfall fjárfestingarvara var 21% (125,4 milljarðar) og hlutfall eldsneytis og smurolía 14,8% (88,6 milljarðar). Hlutdeild flutningatækja hækkaði árið 2012 í 12,7% úr 8,4% árið 2011, aðallega vegna aukins innflutnings á flugvélum um 3,7%. Einnig varð aukning í innflutningi á eldsneyti, en á móti kom samdráttur í innflutningi á hrá- og rekstrarvörum. Lítil breyting var á innflutningi á mat- og drykkjarvörum á milli ára eða sem nam 4,8% á gengi hvors árs.

**Mynd 7. Vöruinnflutningur eftir hagrænni flokkun 2008–2012**




## Vöruviðskipti eftir markaðssvæðum og löndum

*78,3% af vöruútflutningi til EES og 61,4% af vöruinnflutningi frá EES*

EES-ríkin[1] voru stærsta markaðssvæði Íslendinga hvað varðar vöruviðskipti árið 2012 en þangað fór 78,3% af vöruútflutningi. Hlutdeild EES-ríkja í vöruútflutningi hefur dregist saman frá árinu 2008 en þá var hún 80,5%. Frá EES-ríkjum komu 61,4% af heildarinnflutningi á árinu 2012 miðað við 64,8% hlutdeild árið 2008. Útflutningur til ESB var 73,2% af heild og innflutningur frá ESB 44,8% af heild.

**Mynd 8. Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum 2008–2012**




[1] EES-ríkin eru 27 ESB-ríki ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

**Mynd 9. Vöruinnflutningur eftir markaðssvæðum 2008–2012**




*Holland helsta útflutningsland Íslendinga á vörum*

Hlutur fimm helstu ríkjanna sem Íslendingar fluttu út vörur til var 62,2% af heildarútflutningi Íslendinga 2012 samanborið við 65% árið 2011. Holland var helsta útflutningsland Íslendinga á vörum árið 2012, eins og árin tvö á undan. Verðmæti vöruútflutnings til Hollands nam þá 189,7 milljörðum króna, 30% af heildarvöruútflutningi og dróst saman um 5,6% frá árinu 2011 á gengi hvors árs. Útflutningur ál og álafurða var 75,6% af vöruútflutningi þangað.

Í utanríkisverslun er almenn regla að útflutningsland er skráð endanlegt neysluland vöru. Varðandi útflutning á áli og álafurðum til Hollands er vitað að verulegur hluti hans er fluttur áfram til annarra ríkja en ekki hvert. Í því tilviki er Holland viðkomuland en ekki endanlegt neysluland vörunnar. Hafa skal hliðsjón af þessari staðreynd þegar tölur um útflutning til Hollands eru skoðaðar.

Íslendingar seldu næst mest af vörum til Þýskalands á árinu 2012 eins og árin tvö á undan. Þangað voru fluttar út vörur fyrir 81,5 milljarða króna, 12,9% af heildarvöruútflutningi. Iðnaðarvörur, aðallega ál og álafurðir, vógu þyngst í vöruútflutningi til Þýskalands eða 79,3%. Bretland var þriðja í röðinni eins og árin tvö á undan. Sala af vörum þangað nam 62,2 milljörðum eða 9,8% af heildarútflutningi. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 75,4%, aðallega þorskur, rækja og ýsa.

*Noregur helsta innflutningsland Íslendinga á vörum*

Vöruinnflutningur frá fimm helstu innflutningsríkjunum nam alls 49,8% af heildarinnflutningi árið 2012 samanborið við 48% árið 2011. Árið 2012 var mestur innflutningur af vörum til Íslands frá Noregi eins og árin tvö á undan. Þá voru fluttar inn vörur frá Noregi fyrir 99,3 milljarða króna, 16,6% af heildarinnflutningi á gengi hvors árs. Innflutningur á olíu vó þyngst í innflutningi frá Noregi.

Árið 2012 var næst mest flutt inn frá Bandaríkjunum eins og árið á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 61,1 milljarði króna, 10,2% af heild. Stærsti hluti þessa innflutnings var innflutningur á súráli. Þýskaland var síðan í þriðja sæti innflutningslanda árið 2012 eins og árið á undan, með innflutning að verðmæti 54,8 milljarða króna, 9,2% af heild.

Umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Holland en halli á viðskiptum við Noreg.

**Mynd 10. Vöruútflutningur og vöruinnflutningur eftir helstu viðskipta-löndum 2012**




**Mynd 11. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd 2012**




Greining vöruviðskipta eftir vöruflokkum og markaðssvæðum sýnir að EES-ríki áttu mesta hlutdeild í vöruútflutningnum 2012, 78,3%. Sjávarafurðir voru 42,4% alls vöruútflutnings og af þeim voru 68,5% flutt út til EES-ríkja. Þessi ríki keyptu 87,9% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í vöruinnflutningi vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (29,2%) og af þeim voru 52% flutt inn frá EES-ríkjunum. Um 84,5% eldsneytis, 70,1% fjárfestingarvara og 66,6% mat- og drykkjarvara kom frá EES-ríkjum.

Á vef Hagstofunnar (www.hagstofa.is) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, tollskrárnúmerum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

## Tafla 5. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum árin 2011–2012

| Fob-verð á gengi hvors árs | 2011 | | | 2012 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| **Samtals** | **2.112.645,4** | **620.127,4** | **100,0** | **2.194.899,0** | **633.029,1** | **100,0** | **2,1** |
| **1 Sjávarafurðir** | **672.247,1** | **251.572,9** | **40,6** | **748.619,9** | **268.631,7** | **42,4** | **6,8** |
| 11 Uppsjávarfiskur | 348.844,0 | 67.189,6 | 10,8 | 430.925,4 | 77.800,8 | 12,3 | 15,8 |
| 110 Síld | 129.721,5 | 24.094,4 | 3,9 | 114.701,4 | 25.550,7 | 4,0 | 6,0 |
| 111 Loðna | 99.809,2 | 18.349,4 | 3,0 | 177.708,7 | 29.718,9 | 4,7 | 62,0 |
| 112 Kolmunni | 3.527,1 | 446,3 | 0,1 | 27.113,8 | 2.843,6 | 0,4 | . |
| 113 Makríll | 109.649,1 | 24.134,9 | 3,9 | 106.720,0 | 19.567,7 | 3,1 | -18,9 |
| 119 Annar uppsjávarfiskur | 6.137,1 | 164,6 | 0,0 | 4.681,5 | 119,9 | 0,0 | -27,2 |
| 12 Botnfiskur, helstu tegundir | 197.241,3 | 136.189,4 | 22,0 | 197.775,4 | 141.498,0 | 22,4 | 3,9 |
| 120 Þorskur | 94.749,1 | 77.162,0 | 12,4 | 100.507,9 | 82.961,4 | 13,1 | 7,5 |
| 121 Ýsa | 22.867,4 | 16.129,9 | 2,6 | 20.941,6 | 16.403,6 | 2,6 | 1,7 |
| 122 Ufsi | 24.166,3 | 12.556,6 | 2,0 | 23.203,0 | 12.475,8 | 2,0 | -0,6 |
| 123 Karfi | 38.480,2 | 19.381,5 | 3,1 | 37.519,3 | 19.251,9 | 3,0 | -0,7 |
| 124 Steinbítur | 6.281,9 | 5.027,6 | 0,8 | 5.551,2 | 4.271,3 | 0,7 | -15,0 |
| 125 Langa | 6.307,8 | 3.074,8 | 0,5 | 6.305,4 | 3.644,4 | 0,6 | 18,5 |
| 126 Blálanga | 291,2 | 159,5 | 0,0 | 149,3 | 80,9 | 0,0 | -49,3 |
| 127 Keila | 1.566,0 | 1.072,6 | 0,2 | 1.762,1 | 1.193,0 | 0,2 | 11,2 |
| 128 Skötuselur | 2.349,6 | 1.503,1 | 0,2 | 1.712,3 | 1.171,2 | 0,2 | -22,1 |
| 129 Skata | 181,9 | 121,8 | 0,0 | 123,3 | 44,5 | 0,0 | -63,5 |
| 13 Botnfiskur, annar | 32.462,6 | 9.214,9 | 1,5 | 27.934,3 | 11.173,8 | 1,8 | 21,3 |
| 130 Gulllax | 7.302,5 | 1.462,6 | 0,2 | 5.497,6 | 1.091,6 | 0,2 | -25,4 |
| 131 Háfur og annar háfiskur | 246,8 | 67,8 | 0,0 | 57,1 | 19,9 | 0,0 | -70,6 |
| 132 Lýsingur | – | – | – | 32,9 | 7,3 | 0,0 | . |
| 133 Túnfiskur | 0,3 | 1,0 | 0,0 | 2,2 | 8,9 | 0,0 | . |
| 134 Hlýri | – | – | – | 0,3 | 0,1 | 0,0 | . |
| 138 Grásleppa | 599,3 | 1.147,0 | 0,2 | 690,8 | 1.217,2 | 0,2 | 6,1 |
| 139 Annar botnfiskur | 24.313,7 | 6.536,6 | 1,1 | 21.653,4 | 8.828,8 | 1,4 | 35,1 |
| 14 Flatfiskur | 15.549,2 | 11.855,4 | 1,9 | 17.313,3 | 12.805,2 | 2,0 | 8,0 |
| 140 Grálúða | 9.504,3 | 8.009,5 | 1,3 | 11.270,7 | 9.459,2 | 1,5 | 18,1 |
| 141 Lúða | 330,0 | 368,0 | 0,1 | 133,4 | 119,0 | 0,0 | -67,7 |
| 142 Skarkoli | 2.175,3 | 970,2 | 0,2 | 2.661,7 | 1.094,6 | 0,2 | 12,8 |
| 143 Sólflúra | 753,4 | 425,4 | 0,1 | 222,0 | 117,5 | 0,0 | -72,4 |
| 144 Sandhverfa | – | – | – | 22,9 | 21,5 | 0,0 | . |
| 145 Þykkvalúra | – | – | – | 479,5 | 274,4 | 0,0 | . |
| 146 Sandkoli | – | – | – | 240,9 | 40,3 | 0,0 | . |
| 147 Skrápflúra | – | – | – | 59,0 | 10,5 | 0,0 | . |
| 148 Langlúra | – | – | – | 592,1 | 222,0 | 0,0 | . |
| 149 Annar flatfiskur | 2.786,2 | 2.082,3 | 0,3 | 1.631,1 | 1.446,2 | 0,2 | -30,5 |
| 16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr | 15.997,2 | 15.191,1 | 2,4 | 13.008,8 | 14.286,3 | 2,3 | -6,0 |
| 160 Rækja | 12.214,6 | 11.328,4 | 1,8 | 10.497,1 | 11.091,5 | 1,8 | -2,1 |
| 161 Humar | 1.562,0 | 3.158,3 | 0,5 | 1.241,1 | 2.690,6 | 0,4 | -14,8 |
| 162 Hörpudiskur | 4,3 | 2,0 | – | – | – | . | . |
| 163 Kræklingur | 17,3 | 5,9 | 0,0 | 0,8 | 0,6 | 0,0 | -89,8 |
| 164 Smokkfiskur | 154,6 | 49,1 | 0,0 | 205,0 | 48,8 | 0,0 | -0,6 |
| 165 Ígulker | 112,5 | 113,0 | 0,0 | 106,7 | 114,1 | 0,0 | 1,0 |
| 166 Kúfiskur | 0,3 | 0,1 | 0,0 | 5,3 | 2,6 | 0,0 | . |
| 167 Beitukóngur | 215,3 | 65,9 | 0,0 | 185,6 | 67,0 | 0,0 | 1,7 |
| 168 Sæeyra | – | – | – | 0,6 | 1,1 | 0,0 | . |
| 169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.s.. | 1.716,3 | 468,5 | 0,1 | 766,6 | 270,0 | 0,0 | -42,4 |
| 19 Aðrar sjávarafurðir | 62.152,7 | 11.932,4 | 1,9 | 61.662,5 | 11.067,5 | 1,7 | -7,2 |

Tafla 5. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum árin 2011–2012 (frh.)

| Fob-verð á gengi hvors árs | 2011 | | | 2012 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| **2 Landbúnaðarvörur** | **13.541,2** | **9.910,5** | **1,6** | **19.236,5** | **12.326,9** | **1,9** | **24,4** |
| 21 Fiskeldi | 2.289,3 | 3.313,8 | 0,5 | 4.010,7 | 4.679,4 | 0,7 | 41,2 |
| 22 Búfé | 370,5 | 777,6 | 0,1 | 433,8 | 1.038,5 | 0,2 | 33,6 |
| 23 Afurðir sláturdýra | 7.467,5 | 4.548,1 | 0,7 | 8.007,8 | 4.731,8 | 0,7 | 4,0 |
| 24 Mjólk og mjólkurvörur | 1.572,3 | 719,2 | 0,1 | 2.014,5 | 867,0 | 0,1 | 20,6 |
| 25 Aðrar land- og sjávarnytjar | 27,4 | 390,2 | 0,1 | 3,1 | 515,0 | 0,1 | 32,0 |
| 29 Aðrar landbúnaðarvörur | 1.814,2 | 161,7 | 0,0 | 4.766,6 | 495,3 | 0,1 | . |
| **3 Iðnaðarvörur** | **1.106.073,4** | **335.479,2** | **54,1** | **1.113.507,8** | **331.145,0** | **52,3** | **-1,3** |
| 31 Matur og drykkjarvara | 20.556,9 | 5.433,8 | 0,9 | 20.166,8 | 5.722,3 | 0,9 | 5,3 |
| 310 Fiskmeti | 3.699,5 | 3.522,7 | 0,6 | 4.245,1 | 3.790,6 | 0,6 | 7,6 |
| 317 Sælgæti | 201,7 | 208,5 | 0,0 | 261,6 | 280,2 | 0,0 | 34,4 |
| 318 Drykkjarvörur | 15.970,9 | 1.156,4 | 0,2 | 15.341,0 | 1.186,7 | 0,2 | 2,6 |
| 319 Önnur matvara | 684,9 | 546,2 | 0,1 | 319,1 | 464,8 | 0,1 | -14,9 |
| 33 Fóðurvörur | 101,0 | 62,2 | 0,0 | 211,0 | 119,6 | 0,0 | 92,3 |
| 34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur | 1.214,6 | 21.647,3 | 3,5 | 1.348,7 | 23.754,4 | 3,8 | 9,7 |
| 340 Lyfjavörur | 955,3 | 14.266,8 | 2,3 | 1.081,9 | 15.294,2 | 2,4 | 7,2 |
| 341 Tæki og vörur til lækninga | 219,8 | 7.194,6 | 1,2 | 233,0 | 8.127,5 | 1,3 | 13,0 |
| 344 Hreinlætis- og snyrtivörur | 39,5 | 185,9 | 0,0 | 33,8 | 332,7 | 0,1 | 79,0 |
| 35 Skinna- og textílvörur | 190,7 | 851,5 | 0,1 | 270,1 | 914,7 | 0,1 | 7,4 |
| 36 Unnin jarðefni | 1.037.915,5 | 269.886,7 | 43,5 | 1.057.975,9 | 260.250,4 | 41,1 | -3,6 |
| 360 Ál og álafurðir | 786.902,7 | 232.948,8 | 37,6 | 811.734,0 | 225.297,8 | 35,6 | -3,3 |
| 361 Kísiljárn | 120.075,8 | 23.972,5 | 3,9 | 131.817,6 | 21.676,8 | 3,4 | -9,6 |
| 362 Kísilgúr | 1,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | . |
| 363 Salt | 1.402,2 | 295,3 | 0,0 | 693,5 | 152,0 | 0,0 | -48,5 |
| 364 Steinull | 2.217,3 | 228,0 | 0,0 | 2.386,1 | 263,9 | 0,0 | 15,7 |
| 365 Þang og þaramjöl | 5.579,4 | 478,9 | 0,1 | 215,7 | 31,9 | 0,0 | -93,3 |
| 366 Jarðolíur og olíuvörur | 115.269,7 | 11.813,4 | 1,9 | 108.544,4 | 12.708,8 | 2,0 | 7,6 |
| 367 Krýolít | 6.313,4 | 137,6 | 0,0 | 2.578,9 | 118,2 | 0,0 | -14,1 |
| 369 Íblöndunarefni fyrir sement | 153,6 | 12,2 | 0,0 | 5,7 | 1,0 | 0,0 | -91,8 |
| 37 Vörur til fiskveiða | 3.659,8 | 6.286,3 | 1,0 | 3.488,9 | 7.626,3 | 1,2 | 21,3 |
| 370 Rafeindavogir | 220,4 | 3.084,3 | 0,5 | 270,7 | 4.186,0 | 0,7 | 35,7 |
| 371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h. | 606,5 | 858,7 | 0,1 | 976,2 | 888,7 | 0,1 | 3,5 |
| 373 Fiskkassar | 1.908,6 | 1.185,5 | 0,2 | 1.832,9 | 1.155,2 | 0,2 | -2,6 |
| 379 Vörur til fiskveiða ót.a.s. | 924,2 | 1.157,8 | 0,2 | 409,1 | 1.396,4 | 0,2 | 20,6 |
| 38 Ýmsar iðnaðarvörur | 2.974,4 | 3.628,0 | 0,6 | 2.013,8 | 4.164,8 | 0,7 | 14,8 |
| 381 Umbúðir | 2.657,5 | 492,7 | 0,1 | 1.502,6 | 341,3 | 0,1 | -30,7 |
| 382 Álpönnur | 0,4 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | . |
| 383 Vélar til matvælaframleiðslu | 316,6 | 3.135,1 | 0,5 | 511,2 | 3.823,5 | 0,6 | 22,0 |
| 39 Aðrar iðnaðarvörur | 39.460,6 | 27.683,4 | 4,5 | 28.032,7 | 28.592,5 | 4,5 | 3,3 |
| **4 Aðrar vörur** | **320.783,7** | **23.164,8** | **3,7** | **313.534,7** | **20.925,5** | **3,3** | **-9,7** |
| 41 Jarðefni | 149.793,3 | 998,8 | 0,2 | 143.052,2 | 1.002,6 | 0,2 | 0,4 |
| 42 Endurheimtar vörur | 158.870,8 | 6818,7 | 1,1 | 161.033,5 | 6.989,0 | 1,1 | 2,5 |
| 43 Flutningsför | 6.173,8 | 11612,6 | 1,9 | 6.306,0 | 8501,9 | 1,3 | -26,8 |
| 430 Notuð skip | 1.468,6 | 59,5 | 0,0 | 5.006,5 | 5633,7 | 0,9 | . |
| 432 Flugvélar | 558,6 | 7650,6 | 1,2 | 15,7 | 706,7 | 0,1 | -90,8 |
| 433 Bílar, notaðir eða endurseldir | 4.146,6 | 3902,6 | 0,6 | 1.283,8 | 2161,5 | 0,3 | -44,6 |
| 49 Aðrar vörur | 5.945,90 | 3.734,70 | 0,6 | 3.142,9 | 4431,9 | 0,7 | 18,7 |

## Tafla 6. Vöruinnflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2011–2012

| Cif-verð á gengi hvors árs | | 2011 | | | 2012 | | | Breyting frá |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Tonn | Millj. kr. | % | Tonn | Millj. kr. | % | fyrra ári, % |
| | **Samtals** | **3.972.396,1** | **561.626,1** | **100,0** | **4.070.141,0** | **597.262,2** | **100,0** | **6,3** |
| **1** | **Matvörur og drykkjarvörur** | **212.898,6** | **52.946,0** | **9,4** | **216.148,2** | **55.499,7** | **9,3** | **4,8** |
| 111 | Óunnar, einkum til iðnaðar | 47.908,4 | 3.050,2 | 0,5 | 50.178,8 | 3.019,2 | 0,5 | -1,0 |
| 112 | Óunnar, einkum til heimilisnota | 60.553,0 | 15.563,2 | 2,8 | 61.763,8 | 16.066,8 | 2,7 | 3,2 |
| 121 | Unnar, einkum til iðnaðar | 23.276,4 | 4.497,4 | 0,8 | 29.927,7 | 5.947,2 | 1,0 | 32,2 |
| 122 | Unnar, einkum til heimilisnota | 81.160,8 | 29.835,2 | 5,3 | 74.277,9 | 30.466,6 | 5,1 | 2,1 |
| **2** | **Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.s.** | **2.400.887,1** | **180.048,3** | **32,1** | **2.504.412,6** | **174.337,1** | **29,2** | **-3,2** |
| 210 | Óunnar | 460.214,2 | 9.294,5 | 1,7 | 479.702,5 | 8.597,5 | 1,4 | -7,5 |
| 220 | Unnar | 1.940.672,9 | 170.753,8 | 30,4 | 2.024.710,1 | 165.739,6 | 27,7 | -2,9 |
| **3** | **Eldsneyti og smurolíur** | **818.590,3** | **79.840,1** | **14,2** | **827.544,7** | **88.579,6** | **14,8** | **10,9** |
| 310 | Óunnið eldsneyti | 111.337,9 | 2.901,5 | 0,5 | 104.969,5 | 3.153,4 | 0,5 | 8,7 |
| 321 | Bensín, þ.m.t. flugvélabensín | 144.999,1 | 17.022,1 | 3,0 | 138.442,6 | 18.485,5 | 3,1 | 8,6 |
| 322 | Annað unnið eldsneyti og smurolíur | 562.253,3 | 59.916,5 | 10,7 | 584.132,6 | 66.940,7 | 11,2 | 11,7 |
| **4** | **Fjárfestingarvörur** | | | | | | | |
| | **(þó ekki flutningatæki)** | **469.277,8** | **122.031,0** | **21,8** | **444.844,3** | **125.390,1** | **21,0** | **2,8** |
| 410 | Fjárfestingarvörur | 19.414,7 | 53.673,3 | 9,6 | 20.620,9 | 55.620,0 | 9,3 | 3,6 |
| 420 | Hlutar til þeirra | 449.863,1 | 68.357,7 | 12,2 | 424.223,4 | 69.770,1 | 11,7 | 2,1 |
| **5** | **Flutningatæki** | **23.713,7** | **47.103,9** | **8,4** | **33.931,9** | **75.604,3** | **12,7** | **60,5** |
| 510 | Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar) | 8.162,1 | 13.907,7 | 2,5 | 12.407,6 | 21.988,1 | 3,7 | 58,1 |
| 521 | Flutningatæki til atvinnureksturs | | | | | | | |
| | (ekki skip, flugvélar) | 2.882,8 | 3.323,8 | 0,6 | 4.068,4 | 5.143,1 | 0,9 | 54,7 |
| 522 | Önnur flutningatæki, til einkanota | 799,1 | 1.475,4 | 0,3 | 774,6 | 1.690,2 | **0,3** | 14,6 |
| 530 | Hlutar til flutningatækja | 7.245,3 | 14.649,8 | 2,6 | 7.661,2 | 14.561,3 | 2,4 | -0,6 |
| 540 | Skip | 4.102,5 | 5.680,8 | 1,0 | 7.260,5 | 10.409,0 | 1,7 | 83,2 |
| 550 | Flugvélar | 521,9 | 8.066,4 | 1,4 | 1.759,6 | 21.812,7 | 3,7 | . |
| **6** | **Neysluvörur ót.a.s.** | **42.754,9** | **73.963,1** | **13,2** | **41.611,8** | **76.320,8** | **12,8** | **3,2** |
| 610 | Varanlegar (t.d. heimilistæki) | 10.740,0 | 12.940,3 | 2,3 | 10.647,1 | 13.876,2 | 2,3 | 7,2 |
| 620 | Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður) | 12.364,6 | 28.138,1 | 5,0 | 12.076,8 | 29.177,1 | 4,9 | 3,7 |
| 630 | Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf) | 19.650,3 | 32.884,7 | 5,9 | 18.887,9 | 33.267,5 | 5,6 | 1,2 |
| **7** | **Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)** | **4.273,6** | **5.693,6** | **1,0** | **1.647,4** | **1.530,5** | **0,3** | **-73,1** |
| 700 | Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur) | 4.273,6 | 5.693,6 | 1,0 | 1.647,4 | 1.530,5 | 0,3 | -73,1 |

## Tafla 7. Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum árin 2008–2012

| Fob-verð á gengi | 2008 | | 2009 | | 2010 | | 2011 | | 2012 | | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| hvers árs | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | ´11–´12 |
| **Samtals** | **466.859,5** | **100,0** | **500.854,5** | **100,0** | **561.032,2** | **100,0** | **620.127,4** | **100,0** | **633.029,1** | **100,0** | **2,1** |
| **EES** | **376.063,0** | **80,5** | **418.346,9** | **83,5** | **458.939,0** | **81,8** | **512.894,5** | **82,7** | **495.807,5** | **78,3** | **-3,3** |
| Austurríki | 975,9 | 0,2 | 1.019,0 | 0,2 | 988,2 | 0,2 | 1.029,8 | 0,2 | 1.324,8 | 0,2 | 28,6 |
| Belgía | 7.214,1 | 1,5 | 9.208,6 | 1,8 | 9.415,9 | 1,7 | 9.247,4 | 1,5 | 10.055,0 | 1,6 | 8,7 |
| Bretland | 54.189,0 | 11,6 | 63.970,4 | 12,8 | 56.712,3 | 10,1 | 55.879,0 | 9,0 | 62.170,7 | 9,8 | 11,3 |
| Búlgaría | 158,2 | 0,0 | 52,0 | 0,0 | 55,4 | 0,0 | 33,9 | 0,0 | 8,1 | 0,0 | -76,1 |
| Danmörk | 14.642,5 | 3,1 | 13.512,3 | 2,7 | 14.869,0 | 2,7 | 14.207,8 | 2,3 | 16.504,2 | 2,6 | 16,2 |
| Eistland | 163,6 | 0,0 | 324,2 | 0,1 | 1.020,0 | 0,2 | 1.080,5 | 0,2 | 558,2 | 0,1 | -48,3 |
| Finnland | 998,9 | 0,2 | 1.116,0 | 0,2 | 1.172,7 | 0,2 | 1.053,9 | 0,2 | 1.476,9 | 0,2 | 40,1 |
| Frakkland | 14.287,3 | 3,1 | 17.575,1 | 3,5 | 17.594,7 | 3,1 | 24.165,9 | 3,9 | 28.116,1 | 4,4 | 16,3 |
| Grikkland | 2.466,0 | 0,5 | 1.860,5 | 0,4 | 1.842,7 | 0,3 | 2.159,6 | 0,3 | 1.395,9 | 0,2 | -35,4 |
| Holland | 160.477,5 | 34,4 | 153.981,7 | 30,7 | 190.631,7 | 34,0 | 200.888,3 | 32,4 | 189.654,4 | 30,0 | -5,6 |
| Írland | 1.350,3 | 0,3 | 15.228,4 | 3,0 | 1.598,2 | 0,3 | 2.577,1 | 0,4 | 1.362,1 | 0,2 | -47,1 |
| Ítalía | 3.647,5 | 0,8 | 5.106,1 | 1,0 | 8.853,6 | 1,6 | 15.731,7 | 2,5 | 13.014,1 | 2,1 | -17,3 |
| Kýpur | 37,7 | 0,0 | 31,5 | 0,0 | 26,1 | 0,0 | 73,5 | 0,2 | 66,6 | 0,0 | -9,4 |
| Lettland | 155,4 | 0,0 | 131,0 | 0,0 | 191,4 | 0,0 | 240,2 | 0,0 | 385,5 | 0,1 | 60,5 |
| Liechtenstein | 28,6 | 0,0 | 10,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 13,8 | 0,0 | – | – | . |
| Litháen | 5.956,7 | 1,3 | 5.733,1 | 1,1 | 8.352,6 | 1,5 | 11.647,7 | 1,9 | 10.843,8 | 1,7 | -6,9 |
| Lúxemborg | 378,4 | 0,1 | 227,5 | 0,0 | 106,2 | 0,0 | 5.816,0 | 0,9 | 16,8 | 0,0 | -99,7 |
| Malta | 186,9 | 0,0 | 43,5 | 0,0 | 43,5 | 0,0 | 108,1 | 0,0 | 249,5 | 0,0 | . |
| Noregur | 20.344,8 | 4,4 | 29.066,7 | 5,8 | 23.787,4 | 4,2 | 27.378,8 | 4,4 | 32.258,0 | 5,1 | 17,8 |
| Portúgal | 8.791,7 | 1,9 | 8.804,7 | 1,8 | 6.924,7 | 1,2 | 10.709,8 | 1,7 | 9.241,4 | 1,5 | -13,7 |
| Pólland | 3.545,2 | 0,8 | 5.321,2 | 1,1 | 6.306,7 | 1,1 | 7.530,7 | 1,2 | 9.158,3 | 1,4 | 21,6 |
| Rúmenía | 290,0 | 0,1 | 83,1 | 0,0 | 113,9 | 0,0 | 136,5 | 0,0 | 124,0 | 0,0 | -9,2 |
| Slóvakía | 168,6 | 0,0 | 615,3 | 0,1 | 61,4 | 0,0 | 54,4 | 0,0 | 894,5 | 0,1 | . |
| Slóvenía | 14,4 | 0,0 | 20,3 | 0,0 | 43,9 | 0,0 | 143,4 | 0,0 | 78,4 | 0,0 | -45,3 |
| Spánn | 17.861,0 | 3,8 | 24.130,5 | 4,8 | 26.588,3 | 4,7 | 23.898,5 | 3,9 | 22.076,1 | 3,5 | -7,6 |
| Svíþjóð | 3.912,7 | 0,8 | 4.000,8 | 0,8 | 2.781,0 | 0,5 | 3.790,6 | 0,6 | 2.930,3 | 0,5 | -22,7 |
| Tékkland | 166,3 | 0,0 | 388,3 | 0,1 | 268,1 | 0,0 | 256,6 | 0,0 | 132,3 | 0,0 | -48,4 |
| Ungverjaland | 876,4 | 0,2 | 381,4 | 0,1 | 268,9 | 0,0 | 249,4 | 0,0 | 209,3 | 0,0 | -16,1 |
| Þýskaland | 52.777,4 | 11,3 | 56.403,2 | 11,3 | 78.320,7 | 14,0 | 92.791,9 | 15,0 | 81.502,2 | 12,9 | -12,2 |
| **Önnur Evrópulönd** | **18.789,1** | **4,0** | **19.711,0** | **3,9** | **32.838,8** | **5,9** | **35.562,4** | **5,7** | **50.535,8** | **8,0** | **42,1** |
| Færeyjar | 3.412,8 | 0,7 | 3.182,4 | 0,6 | 3.257,1 | 0,6 | 3.835,2 | 0,6 | 6.779,3 | 1,1 | 76,8 |
| Grænland | 748,4 | 0,2 | 1.200,5 | 0,2 | 1.556,2 | 0,3 | 2.078,3 | 0,3 | 2.648,5 | 0,4 | 27,4 |
| Hvíta-Rússland | 1.509,3 | 0,3 | 322,7 | 0,1 | 264,3 | 0,0 | 864,8 | 0,1 | 366,2 | 0,1 | -57,7 |
| Kasakstan | 24,7 | 0,0 | 27,3 | 0,0 | 36,1 | 0,0 | 0,4 | 0,0 | 9,6 | 0,0 | . |
| Rússland | 6.201,2 | 1,3 | 6.093,0 | 1,2 | 11.593,3 | 2,1 | 19.398,9 | 3,1 | 24.200,4 | 3,8 | 24,8 |
| Sviss | 4.271,0 | 0,9 | 6.609,3 | 1,3 | 10.217,1 | 1,8 | 4.046,7 | 0,7 | 10.639,1 | 1,7 | . |
| Tyrkland | 298,4 | 0,1 | 819,3 | 0,2 | 2.629,3 | 0,5 | 2.600,4 | 0,4 | 1.390,4 | 0,2 | -46,5 |
| Úkraína | 1.717,3 | 0,4 | 1.154,9 | 0,2 | 2.286,3 | 0,4 | 1.483,2 | 0,2 | 4.056,1 | 0,6 | . |
| Önnur Evrópulönd | 605,9 | 0,1 | 301,5 | 0,0 | 999,1 | 0,2 | 1.254,6 | 0,3 | 446,3 | 0,1 | -64,4 |
| **Bandaríkin** | **25.720,1** | **5,5** | **19.402,9** | **3,9** | **25.429,0** | **4,5** | **22.959,1** | **3,7** | **28.338,1** | **4,5** | **23,4** |
| **Japan** | **20.453,0** | **4,4** | **9.304,5** | **1,9** | **14.283,4** | **2,5** | **15.443,3** | **2,5** | **12.925,1** | **2,0** | **-16,3** |

Tafla 7. Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum árin 2008–2012 (frh.)

| Fob-verð á gengi | 2008 | | 2009 | | 2010 | | 2011 | | 2012 | | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| hvers árs | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | Millj. kr. | % | ´11–´12 |
| **Önnur lönd** | **25.834,5** | **5,5** | **34.089,3** | **6,8** | **29.541,9** | **5,3** | **33.268,2** | **5,4** | **45.422,6** | **7,2** | **36,5** |
| Ástralía | 526,7 | 0,1 | 636,8 | 0,1 | 1.498,6 | 0,3 | 1.145,4 | 0,2 | 841,7 | 0,1 | -26,5 |
| Brasilía | 575,8 | 0,1 | 391,3 | 0,1 | 645,7 | 0,1 | 631,8 | 0,1 | 1.094,2 | 0,2 | 73,2 |
| Hong Kong | 352,4 | 0,1 | 1.086,7 | 0,2 | 1.395,3 | 0,2 | 992,8 | 0,2 | 1.907,5 | 0,3 | 92,1 |
| Ísrael | 34,0 | 0,0 | 61,6 | 0,0 | 524,6 | 0,1 | 136,1 | 0,0 | 103,7 | 0,0 | -23,8 |
| Kanada | 2.201,4 | 0,5 | 2.293,6 | 0,5 | 2.479,5 | 0,4 | 2.640,5 | 0,4 | 3.506,2 | 0,6 | 32,8 |
| Kína | 10.276,9 | 2,2 | 11.728,3 | 2,3 | 3.413,9 | 0,6 | 5.430,7 | 0,9 | 7.646,9 | 1,2 | 40,8 |
| Nígería | 5.442,9 | 1,2 | 10.187,5 | 2,0 | 10.378,8 | 1,8 | 12.260,1 | 2,0 | 16.502,0 | 2,6 | 34,6 |
| Suður-Kórea | 1.322,0 | 0,3 | 1.489,9 | 0,3 | 1.812,7 | 0,3 | 1.237,3 | 0,2 | 1.795,8 | 0,3 | 45,1 |
| Taívan | 566,6 | 0,1 | 2.230,8 | 0,4 | 2.004,2 | 0,4 | 1.629,5 | 0,3 | 1.632,5 | 0,3 | 0,2 |
| Önnur lönd | 4.535,6 | 1,0 | 3.982,8 | 0,8 | 5.388,7 | 1,0 | 7.163,7 | 1,2 | 10.392,2 | 1,6 | 45,1 |

## Tafla 8. Vöruinnflutningur eftir markaðssvæðum árin 2008–2012

| Cif-verð á gengi | 2008 | | 2009 | | 2010 | | 2011 | | 2012 | | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
